



Alþingi  
Erindi nr. þ 138/2278  
komudagur 17.S. 2010

12. maí 2010  
SÍ-63106

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvið@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 28. apríl 2010 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, þskj. 961 - 570. mál á 138. þingi.

Markmið frumvarpsins er að tryggja efnahags- og viðskiptaráðherra aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til þess að hann geti framkvæmt rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila í þeim tilgangi að stjórnvöld öðlist betri yfirsýn yfir stöðu heimila sem nýtist við stefnumörkun á ýmsum sviðum. Frumvarpið lýtur því að mikilvægu rannsóknarefni sem er forsenda þess að ákvarðanir stjórnvalda séu byggðar á traustum grunni þekkingar.

Seðlabankinn hefur framkvæmt viðamiklar rannsóknir á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Niðurstöður þeirra hafa nýst stjórnvöldum við ákvörðunartöku á ýmsum sviðum undanfarin misseri. Sérstakar aðstæður í kjölfar banka- og gjaldmiðilshrunsins varð til þess að Seðlabankinn tók að sér þetta verkefni og var frá upphafi gert ráð fyrir að um tímabundið verkefni yrði að ræða. Seðlabankinn greinir eigi að síður reglulega skuldastöðu heimila í tengslum við mat á fjármálastöðugleika.

Seðlabankinn telur mikilvægt að mat á fjárhagsstöðu skuldugra heimila verði komið í varanlegan farveg. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi heilsteypta mynd af fjárhagsstöðu skuldugra heimila og þróun hennar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að umtalsverðum fjármunum verði varið í tímabundna lausn, sem tryggi stjórnvöldum aðgengi að upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldugra heimila á meðan endurskipulagning efnahags þeirra stendur yfir.

Þótt tímabundnar lausnir kunni að vera réttlætanlegar við núverandi skilyrði er mikilvægt að missa ekki sjónar á varanlegri lausnum. Seðlabankinn hefur tekið undir áskorun Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóra finnska fjármálaeftirlitsins, um stofnun miðlægrar skuldaskrár, enda myndi slík lausn tryggja stjórnvöldum varanlegan aðgang að

nauðsynlegum upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldugra heimila og fyrirtækja. Seðlabankinn telur brýnt að vinna hefjist þegar í stað við gerð miðlægrar skuldaskrár. Kjósi ríkisstjórn og Alþingi að verja umtalsverðum fjármunum í uppbyggingu gagnagrunns sem einungis mun nýtast stjórnvöldum í afmarkaðan tíma má það ekki verða til þess að tefja þá vinnu. Ekki verður unnt að tengja upplýsingar í slíkum tímabundnum grunni við gögn sem safnað yrði í framtíðinni og því gæti orðið erfitt að meta hvernig fjárhagsstaða skuldugra heimila hefur þróast. Því er æskilegt að varanleg lausn finnist sem fyrst. Miðlæg skuldaskrá að erlendri fyrirmynd myndi einfalda gagnaöflun vegna annarra verkefna á vegum hins opinbera verulega. Má þar nefna gagnaöflun Seðlabanka Íslands vegna vaxta- og lánatölfræði, greiningu á fjárhagsstöðu skuldugra heimila við mat á fjármálastöðugleika og vinnslu skattframtala hjá Ríkisskattstjóra. Miðlagur skuldagrunnur myndi einnig nýtast lánastofnunum til að staðreyna upplýsingar frá lántakenda og draga þannig úr útlánaáhættu banka. Þá mætti nýta grunninn til þess að gefa lántakendum yfirlit yfir eigin skuldastöðu. Skuldaaskrána mætti einnig nýta við ýmsar rannsóknir með því samkeyra hana við aðrar opinberar skrár á ópersónugreinanlegu formi. Nánari greinargerð um miðlæga skuldaskrá og uppbyggingu slíkra skráa í öðrum löndum er að finna í fylgiskjali með þessari umsögn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að efnahags- og viðskiptaráðuneytið annist framkvæmd rannsóknar á fjárhagsstöðu skuldugra heimila og aflí nauðsynlegra gagna í samstarfi við ýmsar stofnanir og fyrirtæki. Enn fremur er gert ráð fyrir því að ráðherranefnd efnahagsmála taki ákvarðanir um birtingu á niðurstöðum greiningarinnar (5.gr.). Til þess að tryggja að trúverðugleiki rannsóknarinnar verði ekki dreginn í efa væri hugsanlega heppilegra að fela sjálfstæðri stofnun vinnu að rannsókninni og að birta niðurstöður hennar. Hagstofa Íslands hefur t.d. mikla reynslu í gagnaöflun, úrvinnslu gagna og framsetningu niðurstaðna.


Eins og kom fram hér að framan er markmið frumvarpsins að bæta yfirsýn stjórnvalda yfir fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Frumvarpið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að aðrir en ráðherra hafi aðgang að upplýsingunum sbr. 4. gr. „Óheimilt er að tengja hinar samkeyrðu upplýsingar við aðrar upplýsingar eða veita öðrum aðgang að þeim, þar á meðal netaðgang.“ Ríkisskattstjóri, Seðlabankinn og aðrir opinberir aðilar gætu því ekki, að öðru óbreyttu, fengið aðgang að upplýsingum, sem væri mögulegt ef miðlæg skuldaskrá yrði sett á laggirnar. Einnig yrði um tvíverknað að ræða fyrir þá sem bæði þurfa að skila gögnum í þennan gagnagrunn og til annarra opinberra aðila, svo sem ríkisskattstjóra og Seðlabankans.

Loks má nefna að við öflun gagna virðist ekki vera gert ráð fyrir því að safnað verði upplýsingum til að tengja saman upplýsingar um lán og veð sem liggja að baki þeim. Í rannsókn Seðlabankans var það gert með því að hvert fjármálafyrirtæki útbjó skrá með brengluðum lánanúmerum sem fylgdu bæði hverju láni og þeim veðum sem stóðu að baki hverju láni. Þessi lánanúmer voru enn fremur dulkóðuð sérstaklega til að koma í veg fyrir að hægt væri að greina á milli fjármálafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands telur jákvætt að unnið verði að áframhaldandi öflun upplýsinga um stöðu skuldugra heimila. Frumvarpið felur í sér tímabundna lausn á þörf fyrir öflugt greiningartæki á þessu sviði. Hins vegar væri æskilegt að vinna að lausn sem er bæði almennari, þ.e.a.s. nær einnig til fyrirtækja, og varanlegri. Bankinn telur því brýnt að sem fyrst verði samþykkt lög um miðlæg skuldaskrá. Hún yrði öflugt tæki til þess að svara spurningum um fjárhagsstöðu skuldugra heimila og fyrirtækja, en að auki myndi slík skrá gagnast í ýmsum öðrum verkefnum opinberra aðila og annarra. Verði nú þegar hafist handa við gerð slíkrar skrár telur Seðlabankinn að hægt væri að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í frumvarpinu jafn skjótt og ef leiðin sem lögð er til í frumvarpinu yrði farin. Ákveði Alþingi eigi að síður að komið verði á fót tímabundnum gagnagrunni er mikilvægt að það verði ekki til þess tefja varanlegri lausn.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri


  
Þórarinn G. Pétursson  
aðalhogfræðingur

## Tilgangur miðlægra skuldagrunna

Miðlægur skuldagrunnur er gagnagrunnur sem inniheldur upplýsingar um skuldsetningu lántakenda fjármálafyrirtækja. Tilgangurinn með uppsetningu slíks grunns er margþættur. Hann gagnast fjármálafyrirtækjum við mat á lántakendum og er þannig öryggistæki bæði til að sannreyna stöðu, sem og til að meta lánshæfi og greiðslugetu væntanlegra skuldara. Fyrir opinbera aðila gagnast skuldagrunnur til mats á ýmsum upplýsingum, t.a.m. væri með samkeyrslu annarra gagna hægt að vinna sambærilegar kannanir og unnar voru af Seðlabanka Íslands um skuldir heimila reglulega, t.d. á 6 mánaða eða árs fresti. Skattayfirvöld gætu einnig nýtt slíkan grunn við vinnslu skattframtala. Seðlabankinn gæti nýtt upplýsingar úr skuldagrunni við samantekt á ýmiskonar tölfraði, t.d. vaxtaupplýsingum, líftíma lána, meðallengd nýrra lána, vaxtakjara þeirra og upplýsingum vegna erlendrar stöðu. Síðast en ekki síst getur skuldagrunnur nýst lántakendum til að afla á einum stað yfirlits yfir allar skuldir.

Eins og sjá má á mynd 1 nýtist miðlægur skuldagrunnur eftirlitsaðilum, stjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum til að sinna því hlutverki sem þeim er ætlað. Jafnframt gagnast skuldagrunnur einstökum lántakendum til að fá yfirsýn yfir skuldir sínar.

Mynd 1: Miðlægur skuldagrunnur



### Mikilvægi aðgangsstýringar

Fjárhagslegar upplýsingar einstaklinga eru ákaflega viðkvæmar og því er mikilvægt að gögn séu varðveitt með þeim hætti að ekki fari í bága við eðlileg persónuverndarsjónarmið. Við úrvinnslu úr grunni þarf því að tryggja að þeir einir hafi aðgang að gögnum sem til þess eru bærir og að ekki séu látin í té ítarlegri gögn en þörf er á.

Jafnframt þarf að gæta þess við samkeyrslu gagna að slík vinna fari fram í samræmi við kröfur Persónuverndar.

#### Upplýsingar um skuldir og vanskil

Til að grunnurinn gagnist sem best er eðlilegt að í hann séu skráðar upplýsingar um skuldir, sem og upplýsingar um vanskil, hafi þau orðið. Þannig er hægt að tryggja að áreiðanlegar upplýsingar um stóðu lántakanda liggi fyrir hjá opinberum aðila. Gera þarf ríkar kröfur til þess að upplýsingar séu réttar og skuldarar verða að hafa úrræði til að bregðast við, telji þeir að ekki sé rétt með farið.

#### Fjármálafyrirtæki

Fjármálafyrirtæki þurfa að senda upplýsingar með reglubundnu millibili um skuldbindingar viðskiptavina í skuldagrunninn. Fjármálafyrirtæki geta einnig óskað eftir upplýsingum úr skuldagrunninum um heildarskuldbindingar og vanskil viðskiptavina eða tilvonandi viðskiptavina. Þannig verður ákvörðunartaka þeirra og áhættumat byggt á bestu mögulegu upplýsingum. Slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að minnka útlánaáhættu sé það rétt notað og auka skilvirkni á lánamarkaði sem er öllu hagkerfinu til hagsbóta.<sup>1</sup> Þess má geta að bankar kalla alla jafna eftir slíkum upplýsingum frá væntanlegum lántakendum en það getur verið undir hælinn lagt hvort frá öllu er skýrt.

#### Einstaklingar og fyrirtæki

Til að fá heildaryfirlit yfir eigin skuldbindingar geta einstakir lánþegar óskað eftir gögnum um sínar skuldbindingar úr skuldagrunninum. Enn fremur gefst þeim tækifæri til að leiðrétta upplýsingar ef þær reynast rangar, en slíkt yrði þá gert í gegnum fjármálastofnanir. Mögulega þyrfti jafnframt að vera til opinber kærunefnd eða umboðsmaður, sem getur úrskurðað um álitamál. Ef lántakendum er kunnugt um að skuldagrunnur sé notaður til að meta láns hæfi þeirra kann það að auka vilja þeirra til að standa í skilum.

#### Stjórnvöld

Upplýsingar sem vistaðar eru í miðlægum skuldagrunni gagnast stjórnvöldum við mat á þróun og horfum í efnahagsmálum. Þannig fá stjórnvöld betri yfirsýn yfir skuldir þjóðarinnar og betra aðgengi að tölfraeðigögnum sem nýtast í næmnigreiningar og útreikninga á áhrifum ýmissa efnahagsaðgerða. Seðlabanki Íslands hefur til að mynda safnað ítarlegum gögnum um skuldastóðu heimila og fyrirtækja. Þessi gögn hafa nýst Seðlabankanum við mat á áhrifum ýmissa aðgerða sem hefur enn fremur nýst framkvæmdavaldinu við ákvarðanatöku. Á þennan hátt getur ítarlegur skuldagrunnur

<sup>1</sup> Sjá Powell, A. o.fl. (2004), *Improving Credit Information, Bank Regulation and Supervision: On the Role and Design of Public Credit Registries*, World Bank Policy Research, nr. 3443, Love, I. og N. Mylenko (2003), *Credit Reporting and Financing Constraints*, World Bank Policy Research Working Paper, nr. 3142 og Jappelli, T. og M. Pagano (1993), *Information Sharing in Credit Markets*, *The Journal of Finance*, Vol. 43, bls. 1693-1718.

gagnast til margvíslegra greininga eins og mat á mögulegum afleiðingum skuldbreytinga ákveðinni lána eða skuldsettra hópa, þar sem niðurstöður yrðu ávalt á samandregnu formi. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið stefnir að því að safna sambærilegum gögnum og Seðlabankinn gerði á sl. ári, til að uppfæra mat Seðlabankans á skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Vekja má athygli á því að ef starfræktur væri ítarlegur ríkisrekinn skuldagrunnur á Íslandi þá væri hægt að framkvæma ofangreint mat með tiltölulega skjóttum hætti og jafnframt yrði hægt að fylgjast með þróun á skuldastöðu yfir tíma. Seðlabankinn þarf að vinna upplýsingar um lán og vaxtakjör, sem oft getur verið fiókið, þ.e. leita þarf til margra aðila sem geyma gögn í ólíkum kerfum. Ef gera þarf breytingar á gagnasöfnun getur slíkt leitt til mikillar vinnu og tekið tíma, en ef geymdar eru ítarlegar upplýsingar um einstök lán, mætti keyra ólíkar fyrirspurnir á grunninn eftir því hverju leitað er eftir í hverju tilviki. Einnig væri aðgengilegt að gera óhefðbundnar athuganir ef eftir því er kallað.

### Eftirlitsaðilar

Eftirlitsaðilar nota upplýsingar úr miðlægum skuldagrunni við eftirlit með útlánaáhættu fjármálafyrirtækja og skuldsetningu fyrirtækja og heimila. Eftirlitsaðilar geta þannig nýtt skuldagrunninn til að efla eftirlit með rekstri<sup>2</sup> með einstökum stofnunum og eftirlit með þjóðhagsvarúð<sup>3</sup> hjá fjármálakerfinu í heild, til að takmarka kerfisáhættu. Áhætta getur verið þversniðsáhætta (e. cross sectional risk) og hins vegar er hægt að meta þróun áhættu yfir tíma. Skuldagrunnur gagnast eftirlitsaðilum við mat á þversniðsáhættu bæði vegna einstakra stórra aðila og hóps einsleitra aðila, þ.e. hjá hópi af smærri lántakendum sem standa frammi fyrir sameiginlegum áhættuþáttum eins og heimili með erlend lán, fyrirtæki í byggingariðnaði o.fl. Skuldagrunnur þarf því að vera ítarlegur til þess að eftirlitsaðilar geti fengið heildarmynd af samþjöppun áhættu. Enn fremur gagnast skuldagrunnur eftirlitsaðilum til að meta uppsöfnun áhættu yfir tíma. Til þess er meðal annars hægt að þróa framsýna hagrísa sem gefa vísbendingar um möguleg útlánatöp og efla mat á sveiflujafnandi aðgerðum eins og að fjármálafyrirtæki safni eigin fé á tímum góðæris sem gripa má til er illa árar. Að öllu jöfnu ættu þess háttar aðgerðir að styrkja framsýn markmið er varða öryggi og stöðugleika á fjármálamarkaði.

Til viðbótar nýtist skuldagrunnur við hagfræðilegar greiningar með því að efla aðgengi að gögnum fyrir ákveðin svæði, atvinnugreinar eða tegund lántakenda. En þær upplýsingar nýtast til greiningar á útlánamarkaði og þróun vaxta.

---

<sup>2</sup> Eftirlit með rekstri er til að meta stöðu einstakra fjármálafyrirtækja í því augnamiði að takmarka áhættu einstakra stofnana (e. micro-prudential supervision).

<sup>3</sup> Eftirlit með þjóðhagsvarúð er til að meta stöðugleika fjármálakerfisins í heild með það að markmiði að takmarka kerfisáhættu (e. macro-prudential supervision).

### Eftirlit yfir landamæri

Samandregnar upplýsingar úr skuldagrunnum ýmissa landa hafa nýst við eftirlit yfir landamæri. Til að mynda hafa Austurríki, Belgía, Frakkland, Ítalía, Portúgal, Spánn og Þýskaland gert samstarfssamning um gagnaskipti svo hægt sé að fylgjast með áhættu yfir landamæri.

### Erlendar fyrirmyndir

Skuldagrunnar eru ýmist einkareknir eða ríkisreknir. Einkareknir skuldagrunnar eru fyrirtæki sem safna upplýsingum um lántakendur sem gagnast lánveitendum við mat á lánshæfi lántakenda. Algengt er að einkareknir skuldagrunnar innihaldi einungis neikvæðar upplýsingar svo sem upplýsingar um vanskil og gjaldþrot. Ríkisreknir skuldagrunnar hafa margir verið settir á laggirnar með það að marki að efla eftirlit með stöðugleika í fjármálakerfinu og stuðla að heildstæðu mati á áhættu. Ríkisreknir skuldagrunnar innihalda því almennt bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar. Jákvæðar upplýsingar eiga við útlán og aðrar skuldbindingar til skuldara eins og upplýsingar um upphæð útlána, vexti, lánstíma og í hvaða gjaldmiðli lánin eru tekin. Í töflu 1 má finna dæmi um upplýsingar sem skráðar eru í ríkisrekna skuldagrunna nokkurra Evrópulanda.

Viða er sett lágmark á þá fjárhæð sem tilkynna skal í skuldagrunninn sem er þá ákveðinn þröskuldur. Sá þröskuldur er ólíkur eftir löndum en sumstaðar er hann enginn. Einnig geta þröskuldar verið ólíkir eftir því hvort um fyrirtæki eða einstaklinga er að ræða. Dæmi um lönd sem hafa engan eða mjög lágan þröskuld<sup>1</sup> eru Tékkland, Slóvenía, Portúgal, Argentína og Kína. Ef skuldagrunnur á að gagnast bæði eftirlitsaðilum við heildstætt mat á áhættu og fjármálaafyrirtækjum við mat á lánshæfi lántakenda og útlánaáhættu er hagkvæmast að hafá lágan eða engan þröskuid. Þannig fá eftirlitsaðilar yfirsýn yfir skuldsetningu í fjármálakerfinu og fjármálaafyrirtæki upplýsingar um hvern lántakenda.

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir staðsetningu skuldagrunna, stofnár og lágmarksfjárhæðir í þeim löndum í Vestur-Evrópu sem hafa einna lengst starfrækt ríkisrekinn skuldagrunn eða yfir 20 ár. Til viðbótar eru upplýsingar um þrjú lönd í Austur-Evrópu sem hafa sett á stofn ríkisrekinn skuldagrunn.

Tafla 2 Yfirlit yfir skuldagrunna í nokkrum Evrópulöndum

Land	Staðsetning skuldagrunna	Settur á stofn	Lágmarksfjárhæð í ISK <sup>1</sup>	Er bankaefirlit innan seðlabankans?
Þýskaland	Seðlabankinn	1934	262.500.000	Já
Frakkland	Seðlabankinn	1946	4.375.000	Já
Spánn	Seðlabankinn	1962	1.050.000	Já
Ítalía	Seðlabankinn	1962	5.250.000	Já
Belgía	Seðlabankinn	1967	0 <sup>2</sup>	Nei
Portúgal	Seðlabankinn	1978	8.750	Já
Austurríki	Seðlabankinn	1986	61.250.000	Nei
Slóvenía	Seðlabankinn	1994	0	Já
Búlgaría	Seðlabankinn	1998	0	Já
Lettland	Seðlabankinn	2008	-	Nei

Tafla 1 Yfirlit yfir upplýsingar í miðlægum skuldagrunnum nokkurra Evrópulanda<sup>1</sup>

	Austurríki	Belgía	Þýskaland	Spánn	Frakkland	Ítalía	Portúgal
Útlán	J	J	J	J	J	J	J
Yfirdráttarheimild	J	J	N	J	J	J	J
Ábyrgðir	J	J	J	J	J	J	J
Afleiður	J	N	J	N	N	J	N
Eignaleiga	J	J	J	J	J	J	J
Lífími	N	N	N	J	J	J	J
Mynt	N	J	N	J	N	J	J
Tegund veða	J	N	J	J	N	J	J
Virði veða	J	N	J	N	N	N	J
Gæði láns, þ.e. vanskil o.fl.	J	N	J	J	N	J	N
Framtög.							

<sup>1</sup> J=Já, N=Nei.  
Heimild: European Central Bank (2003), Memorandum of Understanding on the Exchange of Information among National Central Credit Registers for the Purpose of Passing it on to Reporting Institutions.

<sup>1</sup> Reiknað á gengi dagsins 22.02.2010, 1 EUR = 175 ISK


<sup>2</sup> Engin lágmarksfjárhæð er fyrir einstaklinga en lágmarksfjárhæð fyrir fyrirtæki er 4.375.000 kr., lágmarksfjárhæð miðar við ofangreint gengi.

Heimild: vefslóð Seðlabanka Lættlands, vefslóð Seðlabanka Búlgaríu, European Central Bank (2003), Memorandum of Understanding on the Exchange of Information among National Central Credit Registers for the Purpose of Passing it on to Reporting Institutions og Nicola Jentzsch (2007), *Financial Privacy, An International Comparison of Credit Reporting Systems*, Springer.

Alengt er að ríkisreknir miðlægir skuldagrunnar séu staðsettir í sér deild innan seðlabanka. Mikilvægt er því að skuldagrunnur sé óháður þeirri stofnun sem hann er staðsettur í. Einnig þarf grunnurinn að vera aðgangsstýrður og vel skilgreint hverjir hafa aðgang að frumgögnum, þar sem fyllsta öryggis þarf að gæta og mögulega dulkóða gögnin ef lágmarksfjárhæð er mjög lág. Sem dæmi má nefna að í Þýskalandi er lágmarksfjárhæð í skuldagrunni rúmar 260 milljónir króna og þar eru gögnin ekki dulkóðuð en á Spáni er hún rúmlega ein milljón króna og þar eru gögnin dulkóðuð.

Erlendis þekkist að innan þeirra stofnunar sem heldur utan um skuldagrunninn starfi eining sem ber ábyrgð á eftirliti með eignatengslum í fjármálakerfinu. Mikil vinna fylgir því að haida utan um eignatengsl sem geta breyst með skjótum hætti. Það yrði því þjóðhagslega hagkvæmt að hafa eina sterka einingu sem bæri ábyrgð á eftirliti með eignatengslum og miðlaði upplýsingum áfram til þeirra stofnana sem á þurfa að halda eins og eftirlitsstofnanir, skattayfirvöld og samkeppniseftirlit, sjá mynd 2.

Mynd 2: Miðlægur skuldagrunnur og tengslanet





## Þróun undanfarinna ára og framtíðarsýn

Ríkisreknir skuldagrunnar hafa verið settir á stofn víðsvegar um heim en aigengt hefur verið að þeir hafi verið stofnaðir í kjölfar fjármálakreppu með það að marki að styrkja eftirlit á fjármálamarkaði. Fyrstu ríkisreknu skuldagrunnarnir voru stofnaðir í Vestur-Evrópu, nánar til tekið í Þýskaland árið 1934 og Frakklandi árið 1946. Um miðjan sjöunda áratug voru Ítalía, Spánn og Belgía búin að setja á laggirnar ríkisrekinn skuldagrunn og í kjölfarið fylgdu lönd um allan heim eins og í Austur-Evrópu, í Asíulöndum, Suður-Ameríku, Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, og Vestur-Afríku. Í Bandaríkjunum hefur ekki verið starfræktur ríkisrekinn miðlægur skuldagrunnur en þar má finna einkarekna skuldagrunna. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur hins vegar safnað upplýsingum um stóra lántakendur til að meta samþjöppun áhættu vegna stórra áhættuskuldbindinga. Bankinn hefur einnig ákveðið að safna ítarlegri upplýsingum sem nýtast við mat á samþjöppun áhættu vegna hópa einsleitra aðila sem eru óvarðir fyrir sömu áhættuþáttum.<sup>5</sup>

Reynslan af fjármálaáfallinu hefur sýnt að víða um heim höfðu eftirlitsaðilar ekki þann greiða aðgang að gögnum sem hefði gert þeim kleift að skilja betur gagnaðilaáhættu og bera kennsl á samþjöppun áhættu. Hætta á óhóflegum lánveitingum fjármálafyrirtækja er ætíð fyrir hendi. Eignaverðsbólur og útlánabólur auka áhættu fjármálafyrirtækja og þjóðhagslegur kostnaður af fjármálaáfalli er mikill. Því er mikilvægt að leita allra leiða til að hægt sé að meta áhættu þannig að mögulegt sé að gripa inn í tímanlega ef þess gerist þörf. Fyrir Íslendinga er kjörið að nýta tækifærið nú og byggja upp ítarlegan miðlægan skuldagrunn sem í framtíðinni getur gengið inn í erlent samstarf. Vanda þarf til verka við þróun slíks gagnagrunns og nýta þyrfti þá þekkingu sem er til staðar nú þegar. Ríkisskattstjóraembættið hefur um árabil móttengið rafrænar upplýsingar um skuldir einstaka aðila og fært inn í skattaskýrslur með góðum árangri. Rannsóknarnefnd alþingis setti upp ítarlegan gagnagrunn til þess að vinna að rannsókn á efnahagshruninu og Seðlabanki Íslands tók saman ítarleg gögn í úttekt sinni á skuldastöðu heimila og fyrirtækja á sl. ári. Það er til staðar þekking og reynsla sem æskilegt væri að nýta til þess að setja á stofn ítarlegan miðlægan skuldagrunn.

<sup>5</sup> Tarullo, D. K. (2010), *Equipping Financial Regulators with the Tools Necessary to Monitor Systemic Risk*, ræða í Washington DC, <http://www.bis.org/review/r100216e.pdf?sent=100216>